

# Umhverfisstefna

## umhverfis- og skipulagssviðs

### Reykjavíkurborgar

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs er aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg.

Gildi umhverfis- og skipulagssviðs eru:

- Virðing fyrir umhverfinu. Við leitumst ávallt við að bæta umhverfi borgarbúa.
- Þjónusta við samfélagið. Við erum þjónustumiðað og nútímavætt svið.
- Fagmennska í hverju verki. Við höfum fagleg vinnubrögð ávallt í fyrirrúmi.

Umhverfis- og skipulagssvið vill vera leiðtogi í umhverfismálum og styrkja aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, íbúa og fyrirtæki í átt til sjálfbærni.

Umhverfis- og skipulagssvið ætlar að:

- Vinna að því að loft- og vatnsgæði í Reykjavík verði til fyrirmyndar á heimsvísu.
- Efla hringrásarhagkerfið, draga úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurvinnslu.
- Tryggja gott aðgengi íbúa að vistvænum, grænum, hreinum, fallegum og öruggum svæðum.
- Styðja við breytingar á ferðavenjum, vistvænar og heilsusamlegar samgöngur starfsfólks og íbúa.
- Vernda líffræðilega fjölbreytni, þjónustu vistkerfa, gegndræpi yfirborðs og tryggja sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
- Miðla, fræða og hvetja til upplýstrar umræðu og þátttöku um umhverfis- og skipulagsmál til að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni.
- Styðja við orkusparnað og orkunýtni bygginga og styðja við orkuskipti í samgöngum.
- Gera kröfur í innkaupum og útboðum um að boðið sé upp á vistvænar vörur, þjónustu, framkvæmdir og ráðgjöf með hringrásarhagkerfið í huga.
- Vinna að áherslum í Aðalskipulagi Reykjavíkur um sjálfbæra þróun, þétta og blandaða borgarbyggð innan núverandi vaxtarmarka borgarinnar.
- Vinna að loftslagsmarkmiði Reykjavíkurborgar um kolefnishlutleysi árið 2040 í eigin rekstri og með starfsfólki, íbúum, fyrirtækjum og ríkisstjórn í átt að kolefnishlutlausu samfélagi.
- Uppfylla kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum er varða umhverfismál starfseminnar og gera betur eins og kostur er.
- Mæla árangur umhverfisstefnunnar og vinna markvisst að umbótum.

*Ólög Örvardóttir*

Reykjavík, 24. maí 2024

Ólög Örvardóttir  
Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs